

258. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 15. október 2014 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Var svo gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 13. október 2014, varðandi aukafjárveitingu til að kaupa nýja upphvottavél á Krílakot.**
 Bæjarráð samþykkti að veita aukafjárveitingu að upphæð kr. 400.000.- til kaupa á nýrri upphvottavél. Verður fjárveitingin færð á lið 04-11, Leikskólinn Krílakot, og að sama skapi verður liður 27-80, ófyrirséður kostnaður, lækkaður um sömu upphæð.
- 2) **Bréf frá BSRB og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. október 2014, varðandi yfirlýsingi í tengslum við kjarasamninga 2014.**
 Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Félagi tónlistarskólakennara, dags. 9. október 2014, varðandi ályktun sex svæðisþinga tónlistarskóla frá september 2014.**
 Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Félagi tónlistarskólakennara, dags. 9. október 2014, varðandi ályktun samstöðufundar sem haldinn var 7. október s.l.**
 Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Bjarka Sveinbjörnssyni, dags. 4. október 2014, varðandi styrk.**
 Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2015.
- 6) **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 9. október 2014, varðandi byggðakvóta 2014/2015.**
 Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rifi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 4. júlí 2014, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2014/2015.

Þó óskar bæjarráð Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ. Þær eru eftirfarandi:

- 1) Í 1.gr., C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“.
- 2) Í 4.gr., 1.mgr. (6. lína), breytist orðalagið úr „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
- 3) Í 6.gr., 1.mgr. (1. lína), breytist orðalagið úr „innan hlutaðeigandi byggðarlags“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélags“.

Rök bæjarráðs Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

- 7) **Bréf frá Tónskóla Sigursveins, dags. 8. september 2014, varðandi málping um stöðu tónlistarmenntunar.**
 Lagt fram til kynningar.

BH
 FS-
 SP

8) Skipun í nefnd til að fjalla um nýtt aðalskipulag.


Tillaga kom um oddvita flokkana, Kristínu Björgu Árnadóttur og Baldvin Leif Ívarsson, Drífu Skúladóttur, Bjarna Vigfusson og Jónas Kristófersson úr umhverfis- og skipulagsnefnd síðasta kjörtímabils, Illuga Jens Jónasson og Margréti Bj. Björnsdóttur úr umhverfis- og skipulagsnefnd númerandi kjörtímabils, og bæjarstjóra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9) Minnispunktar bæjarstjóra.


- Bæjarstjóri sagði frá fundi varðandi póstþjónustu.
- Bæjarstjóri sagði frá fundum um eignina Laugagerði og fjaraskiptamál í sveitinni.
- Vísbending er komin út með einkunn draumasveitarfélagsins. Snæfellsbær heldur sinni einkunn, en fellur úr 3. sæti í 7. sæti á lista Vísbendingar.
- Bæjarstjóri sagði frá fundi með Arionbanka þar sem farið var yfir greiningu á stærstu sveitarfélögum landsins. Snæfellsbær stendur vel að vígi miðað við önnur sveitarfélög.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari